

# LEIÐIN FRAM

Hvers vegna erum vér svona þrálátlega heimskir — segir spekingurinn Seneca: quid ita nos stultitia tam pertinaciter teneat. Og hann svarar þeirri spurningu þannig, að þetta komi af því, að vér trúum ekki nógu vel þeim sannindum, sem vitrir menn hafa fundið: quia illa quæ a sapientibus viris reperta sunt, non satis credimus.

## I

Þó að því fari hið fjarsta, að ég trúi á anda eða andaheim, þá þykir mér tíðindum sæta hingaðkoma hins nafnkunna breska miðils. Mr. Vout Peters er það, sem í fornöld var kallað ófreskur maður og er það, sem hér fer á eftir, í því skyni ritað, að gagn mætti verða að þessari merkilegu gáfu, meira en verða mun annars.

Mr. Peters starfaði í vetur í þeirri borg, sem til forna hét Kaupmannahöfn, en á heimskunarmáli miðaldanna Köbenhavn, Kopenhagen og þaðanaf ennþá verr. Kenndi þar mjög í undirtektunum, bæði þess, sem ég hefi kallað prótomóri og hins, sem nefnt er heteromóri, eða á íslensku, einnar fávisku og annarrar fávisku frá; báru hinir heteromóru miðlinum á brýn, að hann hefði brögðum beitt, en ekki varð þó, að sjálfra þeirra tíðinasögn, séð, að nein ástæða væri til að efast um drengskap hins skyggna manns. Lauk svo þeim fundum, að prótomóri og heteromóri stönguðust eftir sem áður, en viskan hafði engu aukist.

## II

Nú gæti öðruvísi farið hér í Reykjavík, þó að höfuðborg sé smá og hjálensk enn um sumt og eftirbátsk. Vér gætum

hér orðið öðrum til fyrirmyndar og góðum málstað að miklu liði, með því að hugsa um aðalatriði nokkru greindarlegar, en gert er í löndum, þar sem meira er um böggumælasyndir gegn allri heilbrigðri hugsun en í norrænu máli. Vilji menn að árangur af þessum tilraunum verði merkilegri en áður, þá þurfa þeir að hafa hug á að fá að vita, hvar þeir eiga heima „andarnir“ sem hinn ófreski maður sér. Og menn eiga ekki fyrirfram að vera alveg sannfærðir um, að „andarnir“ geti ekki átt heima á, eða starfað frá öðrum stjörnum.

Þetta er nú það sem þarf, og munu Reykvíkingar verða mjög ágætir af, ef þeim tekst þetta. En að vísu er þar við ramman reip að draga, því að á slíkum stöðum sem jörð vor ennþá er, hefir allt annað meira fylgi en sannleikurinn. Þetta eru ekki nein ofuryrði, slík sem oft má lesa í blöðum og bókum, heldur er blátt áfram sagt það sem satt er. Öllu öðru fást menn í Helvíti fremur til að trúá, en því sem sannast er. Lesendur Nýals, eða með öðrum orðum, gáfuðustu lesendur hins íslenska máls, munu ekki misskilja orðið Helvíti. Helvíti er staður, þar sem er ófriður og illindi. Þar sem er þjáning, sorg, örvænting og dauði. Þar sem hver tilraun til að lifa mistekst. Þar sem lífið allt er tilraun, sem hefir mistekist. Enginn af hugsandi lesendum mínum mun, þegar hugsun hans er beint í hina réttu átt, geta efast um, að hann er í Helvíti.

### III

Þessi skilningur, sem nú var á minnst, fær menn til að meta meira hið góða sem hér á jörðu er að reyna að vaxa fram, hið góða og hið fagra, sem er að reyna að sigra Helvíti. Því betri sem maðurinn er, því fremur fyllist hann áhuga á að reyna að vera samtaka þeim öflum, sem miða til góðs. En án þess að menn átti sig á eðli og tilgangi heimsins og lífsins, verður hinn mikli sigur ekki unninn.

### IV

Fyrir nokkru var ég að lesa ritgerð um hina merkilegu þrettánda öld, eftir víðlesinn sagnfræðing enskan. Ísland



var þar ekki nefnt á nafn, og þó var á Íslandi unnið sumt það, sem merkilegast var unnið á jörðu hér á þrettánda öld. Annað verk leit ég yfir, mikið rit, 4 bindi stór og þykk, yfirlit yfir sögu þjóðanna. Þar er Íslands að engu getið. Frægari en þetta er þjóð vor ekki, og er það síst að verðleikum. Bygging Íslands hefir sérstaka þýðingu fyrir allt mannkyn. Hinar völdustu ættir alls mannkyns voru það, er fóru að byggja Ísland, og vissulega ekki til þess eins, að afkomendum þeirra skyldi veita margfalt örðugra hér, að afla sér ónógs viðurværis, en annarsstaðar hefur verið á Norðurlöndum. Þessu fólki hér er sérstakt hlutverk ætlað, það hlutverk, að eiga upptökin að endurreisn norræns þjóðernis, sem nú er á glötunarvegi, upptökin að því, að þjóðirnar á Norðurlöndum og allt það fólk sem þaðan er ættað, átti sig á þýðingu sinni fyrir mankynið, átti sig á því, hvað það hefir verið að vinna, og hvað því ber að vinna, með meiri greind og meiri sigursæld en áður. Ég hefi minnst á þetta í ritgerð sem heitir Framtíð mannkynsins, og annarri sem heitir Íslensk stefna og norræn, og mun skýra það ennþá gjör í ritgerð sem heitir Norðurlanda-saga, og enn einni sem ræðir um Albert Thorvaldsen.

## V

Að minnst sé á þetta í sambandi við komu hins skyggna Breta, er ekki ástæðulaust. Mr. Peters er t. d. vinur Sir Olivers Lodge, sem nú er einn af mest lesnu rithöfundum á jörðu hér. Hafi Reykvíkingar holl áhrif á Mr. Peters, fari hinn skyggni maður héðan þannig, að hann viti eitthvað betur en áður, hafi eitthvað það lært, sem hann hafði hvergi getað lært annarsstaðar, svo víða sem hann hefir komið á þessari miklu jörð, þá er stórum betur en áður, þá munu hin hollu áhrif frá Reykvíkingum ná til milljóna, þá er væntanlegra til sigurs fyrir íslenskan málstað en áður.\*

\* Einn fund var ég viðstaddur af þeim, sem Mr. Peters hélt. Virtist þar ríkja alveg eindregin andatrú, og engan áhuga tókst mér að vekja á því, hvar „andarnir“ ættu heima. En ekkert kom það fram, sem gæti virst gefa ástæðu til að efast um, að Mr. Peters sé heiðursmaður.

## VI

Það verður auðveldara að átta sig, ef munað er eftir ýms-um kenningum forna spekinga. Eins og áður hefir verið nokkuð af sagt í Nýal, þá kennir Platón, að sálir manna fari að loknu lífi til annarra stjarna, og mun sú kenning vera tekin eftir Pyþagorasi, einum af merkilegustu fornspeking-um, því að öll kenning þess rits Platóns, sem Timaios nefn-ist, er mjög í anda Pyþagorasar. Til þess að sýna hversu stór-merkileg er kenning Pyþagorasar, nægir að minna á, að hann sagði, að stjörnur væru afsprengi sólarinnar (aporragadas tú helíú), og þó að sú kenning þætti þá flestum hin fjarstaðlegasta og engu gegna, þá efast nú enginn um, að hún er rétt um sumar stjörnur. Kant og Laplace — báðir af norrænum ættum — komu þeirri kenningu á vísindaleið, eins og kunnugt er. En þar sem sú kenning spekingans er, að sálir manna og dýra berist hingað til jarðarinnar frá öðrum stjörnum, þá munu menn einnig nú kveða engu gegna og segja að þetta sé hin mesta fjarstæða. En þó er ekki svo. Uppgötvun mín á eðli drauma og yfirleitt því sem ég kalla bioinduktion, og skýrt er nokkuð frá í ritgerðinni Lífgeislan og magnan (Nýall s. 103—132) sýnir, að einnig í þeirri kenningu þessa höfuðspekinga er merkilegur sannleik-ur fólgin. Og þá líka í þeirri, að sálirnar berist héðan af jörðu til annarra stjarna. En sálin er nokkurskonar magnan eða „hleðsla“, kraftur með áhrifum til hinna fjarstu fjar-lægða, eins og annars allur kraftur, og er þar framhald af uppgötvunum Örstedis og Faradays. En þær má telja upphaf þeirra vísinda, sem ég nefni epagógík.

## VII

Það hefir verið sagt, að á fundum, slíkum sem hér hafa verið haldnir, sé hinn skyggni maður ekki í sambands-ástandi. En það er ekki rétt. Það er fyrir sambandsástand sem miðillinn er miðill, hvort sem hann sefur eða ekki. Það er fyrir magnan frá fullkomnari meðvitund, sem miðillinn „sér“ í salnum, það sem hann kallar anda framliðinna; en þar mun vera um nokkurskonar útstreymi að ræða (emana-



tion), mjög fjarrænt eða stafandi frá verum í mikilli fjarlægð. En þó er útstreymi þetta einnig fram komið fyrir áhrif þeirra sem á fundinum eru, og mótað af þeim. Það er dálítið líkt og um norðurljósinn, sem menn hyggja nú framkomin fyrir nokkurskonar útstreymi bæði frá jörð og sól. Hinar undarlegu skynjanir miðilsins — því að ég geri ráð fyrir, að slíkar skynjanir eigi sér í raun og veru stað — eru einnig að nokkru leyti háðar áhrifum frá fundarmönnum, og stafa af sambandi við þá. En áhrifin frá viðstöddum geta vel verið á þá leið, að þau trufla sambandið við þá veru, sem skyggni-gáfan stafar frá. Í Njálu er fróðlegur staður, sem að þessu lýtur (88. k.). Segir þar frá þessum mikla vini guðanna, Hákon Hlaðajarli, er hann leitaði að Víga-Hrappi. Og hvað mikið sem satt er í Hrapps-þætti, þá var Hákon jarl svo frægur maður, að það er ekki ólíklegt, að þetta sé satt, að hann hafi haft þá aðferð, sem sagan segir, þegar hann vildi fjarskynja. „Jarl gekk þá einn saman braut frá öðrum mönnum ok bað engan mann með sér ganga ok dvaldist um stund. Hann fell á knébeð ok helt fyrir augu sér.“ Og síðan segir jarl: „ek þykkjumst sjá allt í gegnum, þá er ek kem á land, enn þá sé ek ekki til, er ek kem hér.“

Það eru áhrifin frá Þráni og skipshöfn hans, sem hafa svona truflandi áhrif á jarlinn, svipuð áhrif þeim sem hann var að forðast, þegar hann gekk burt frá öðrum mönnum og sagði að enginn skyldi ganga með sér.

## VIII

Það er ekki við því að búast, að tilraunir slíkar, sem hinn enski miðill hefir verið að gera hér, takist betur en af er látið, með svo ófullkominni aðferð sem höfð er. Tilraunirnar þyrfti að gera með völdu liði, reyna fyrir sér og velja úr þá sem helst hefðu örvandi áhrif á ófreskisgáfuna, helst stuðluðu að magnan miðilsins. Ef svo væri gert, mundi árangur verða góður. Þegar liðið yrði valdara og samstillingin batnaði, mundu fleiri en miðillinn sjá svipina. Ef til vill mundu koma fram líkamningar, sem yrðu fegri og fegri, eftir því sem ástæður væru bættar. Svipirnir eru vísir til líkamningar.

Fögur ljós mundu menn sjá, og heyra fagra hljóma. Og af fundi, sem hefði vel tekist, mundu menn fara burt miklu hressari en þeir hefðu komið, og samband það sem menn fá í svefni, mundi batna, svo að þá dreymdi, að þeir væru í fögrum stöðum, og svefnhvíldin yrði betri en ella. En af því mundi leiða, að taugaaflið ykist og skapið batnaði. Menn fengju sambönd við öflugri og betri verur, mögnuðust betur. Og þegar miðillinn lærði að athuga betur sína eigin meðvitund, þá mundi hann geta fengið glögga vitneskju um það, hvar ætti heima sú vera, sem hann helst magnaðist af. Hinni auknu og bættu magnan mundi fylgja mjög miklu betri skilningur á framhaldi lífsins. En ekki gæti árangurinn orðið svona góður, nema menn hættu að trúá á andaheim, og létu sér skiljast, að sambandið er við íbúa annarra hnatta. Menn ættu að hugleiða það alvarlega, að trúin á andaheim stafar frá þeim tímum, er mennirnir voru ekki komnir á það stig þekkingar, að vita að fleiri jarðir eru til en þessi sem vér byggjum.

## IX

Það sem nú var sagt um væntanlegan árangur af betri aðferð við sambandstilraunir, má vel segja, hafi menn fengið dálitla þekkingu á lögmálum þeirra vísinda, sem ég kalla epagógík (epagoge = induktion). Og epagógíkin sýnir líka leið til að skilja, að lífið heldur áfram, þrátt fyrir dauðann. Kenningin er ljós og fögur, og mjög merkilegur vísir til hennar er hjá Empedokles hinum gríska, sem á annars líka upptökin að mótör og gufuvél, því að hann lét sér fyrst skiljast, að loftið er líkami en ekki líkamalaus andi. Var þar mjög merkileg byrjun til að eyða andatrú þeirri, sem hefir tafið svo fyrir, bæði í eðlisfræði, efnafræði og líffræði, og allstaðar táknar hið ófullkomna stig þekkingar. Ljós og fögur er kenningin. Heimurinn er tilraun hins óendanlega máttar til þess að eyða möguleikleikum til hins illa, verðimegund hins illa eins og hún er í einum af þáttum hinnar óendanlegu verðandi. Hin óendanlega fullkomnun leitast við að breyta í fullkomnun sjálfri megund ófullkomnunar-



innar. Það er vissulega guðlegt verkefni. Ég hefi ritað um það nokkuð áður (s. 34), hvernig almátturinn magnar fram á leið efnið. Og lífið er eitt stig þeirrar magnanar. Vér getum af því glögglega skilið, að lífið muni sigra. En hins vegar vitum vér betur en allt annað, að þessi magnan getur mistekist, verðandistefnan orðið stefna hinnar vaxandi þjáningar, helstefna eða vítisstefna. Hver sem vill af alvöru hugleiða sögu lífsins á jörðu hér, getur ekki komist hjá því að sjá, að þetta er þannig. Og þar sem helstefnan ræður, kemur fram hugboð um að breyta megi stefnunni. En auðvitað fylgir þessu hugboði mikill misskilningur. Eðli allra trúarbragða er einmitt misskilningur á meginsannindum: *Quoad religionem habes, non veritatem.* — Helvítunum má skifta í tvo flokka. Í sumum er helstefnunni haldið til enda, allar tilraunir til að bjarga, mistakast þar. En í öðrum kemur þar, að hin mikla uppgötvun er gerð, menn læra að skilja tilgang lífsins, hverfa frá helstefnunni til lífstefnunnar. En á þá leið verður ekki komist, nema menn viti af lífinu á öðrum hnöttum og sambandinu við það. Um það leyti sem hin mikla uppgötvun er gerð, kemst mikil hreyfing á hugi manna, og leiðir sumt til illra atburða, en sumt til merkilegra andlegra hreyfinga, sem allar eru þó dysexeliktiskar, stefna rangt, eins og við er að búast, meðan menn þekkja einmitt ekki leiðina fram. Slíkar hreyfingar eru t. d. spiritisminn og theosofían, guðspekin. Slíkar hreyfingar eru líka þær, sem nú gera svo mikið vart við sig í þeim fræðum, sem menn kalla heimspeki. Og halda því fram, að það sé mannlegu viti ofurefli, að átta sig á eðli lífsins. Allt miðar þetta til nýrra myrkraalda, sem verða mundu ennþá svartari en þær sem liðnar eru, ef ekki yrðu þegar þær uppgötvanir, sem sýna leiðina fram. En svo fast sem virðist fyrir ennþá, þá mun þó sannleikurinn sigra, og mannkynið mun verða að læra að líta öðrum augum á litla þjóð, sem á erfiðri úteyju hefir varðveitt sumt það sem mátti ekki glatast, ætti stefnubreytingin að geta orðið.

Hversu birta mun á þessari jörð, þegar fer að skiljast, hvaða leið það er, sem vér höfum verið á, og hvert hin leiðin

liggur, sem við blasir. Lífsins leið er leið vaxandi vits og afls og fegurðar. Vaxandi fagnaðar. Því að þetta er hið sanna fagnaðarerindi. Og þrátt fyrir allar tafir, mun sá tími koma, að það sem vér köllum heim, verður almagna, að hin óendanlega fullkonnun hefir eytt verðimegund hins illa, og magnað „efnið“ alla leið fram til sín. Í óendanlega mörgum myndum mun mátturinn birtast, og hver mynd verður óendanlega fullkomin. Af hugboði um þetta eru sprottnar trúarkenningar um þrí- og fjóreina guði og jafnvel níeinar gyðjur.

## X

Aldrei hefir á jörðu hér, þörfin á stefnubreyting verið eins brýn, og aldrei eins ljós og nú. Aldrei hefir það komið fram eins greinilega og á þessum síðustu árum, að af öllum skepnum jarðarinnar er maðurinn langófarsælastur, og að stefna mannkynssögunnar er stefna vaxandi böls. Það sem hefir verið að gerast þessi árin, er að hið hvíta mannkyn hefir stigið stórt spor á leiðinni til glötunar, stærra miklu, en nokkurt spor áður.

Af þeim fyrirtækjum, sem stofnað hafa menn af Norðurlöndum, hefir rússneska ríkið verið stórkostlegast. Og þar hefir hrunið verið hrapallegast. Mongóli og Gyðingur ráða nú yfir Rússlandi, og svo mikil mannfækkun hefir þar orðið á nokkrum árum, af sulti, sóttum og morði, að verða mundi nær landauðn á Frakklandi, ef jafnmargt fólk félli þar. Og þó sjáum vér, ef vér hugleiðum fréttirnar af því sem er að gerast, að eins og nú stefnir, dregur til ennþá verri tíðinda. Vegur hermenskunnar hefir aukist eins og aldrei áður, herbúnaður færir í aukana eins og aldrei áður. Það sem þóttu jötunherskip fyrir ekki mörgum árum, eru langt fyrir neðan hálfu stærð þeirra sem nú eru smíðuð. Hin voldugu Bandaríki Norður-Ameríku virðast nú ætla að keppa að því takmarki, að koma upp þeim feikna flota, að England og Japan megi sín ekki jafnmikils á hafinu, þó að bæði þessi ríki legðu saman. Og litlu friðlegar horfir innan hinna svo nefndu þjóðfélaga sjálfra. Aldrei hefir hatrið á milli stétt-



anna orðið eins og á þessum árum, og gegnir hinni mestu furðu, að ekki skuli hafa verið reynt að rannsaka sem vandlegast, af hverju það hatur rís.

Þjóðfélögunum hefir stundum verið líkt við einstaklinga, og starfi hinna ýmsu stétta við starf hinna ýmsu líffæra. En ef þetta er gert, þá verður helst að líkja þjóðfélögunum við fábjárna, þar sem heilinn er allt of lítill, og hefir illa stjórn og of litla á starfi líkamans og líffæranna. Og raunar er ekki of ríkt að orðið kveðið, þó að sagt sé, að þjóðfélögin hafi hegðað sér hvert gagnvart öðru, eins og vitfirningar af verstu tegund. Stórkostlegustu samtökum og átökum mannkynsins hefir verið beitt til morðs og ráns og meiðinga.

Hvergi hefi ég séð neina verulega tilraun til að sýna, hvernig þetta athæfi á rót sína í hugsunarhættinum. Hvergi virðast menn hafa fundið til þess, hver þörf er á vitkun og visku. Jafnvel ekki í menningarmestu þjóðfélögum eru neinar ráðstafanir til að komast fyrir það, hverjir helst séu vitringsefni, eða til að koma upp þessháttar mönnum, sem í þjóðfélagi, ef því væri líkt við líkama, helst mundu svara til hinna hugsandi hluta heilans. Það virðist vera almennings álit, jafnvel í helstu menningarlöndum, að þá sé vitkunar-málunum vel borgið, ef til eru nokkrir skólar, þar sem kennararnir eru of fáir og hafa alls ónógan tíma til þess að rannsaka, hugsa og vaxa andlega, og ef til vill nokkur skáld, sem sakir skorts á menntun og vandvirkni, gera mörg meira að því að villa menn en vitka. Fáir virðast hugleiða, hvað það þýðir fyrir þjóðfélögin, að flest annað skuli vera vænlegra til fylgis og fjár og frama, heldur en áhugi á að fræða og mennta.

Af þessu öllu saman leiðir, að ekki er til ennþá neitt, sem nefna mætti lífennisfræði. Og þó er engin vísindagrein jafn áriðandi. Og lífennisfræði ætti að vera aðalnámsgrein í skólunum, og sú sem allar aðrar væru miðaðar við. (Ég á auðvitað við lífennisfræði, sem byggð væri á líffræði og öðrum vísindum).

## XI

Nú er að reyna að greiða svo fyrir lesandanum, að honum verði sem ljósast, hvernig þó dregur til þeirrar breytingar, sem svo brýn er þörfin á. Og verður þá að skýra lítið eitt ganginn í þessari sögu heimsins, sem er meiri en mikil og merkilegri en merkileg. Þeir sem drengilegast hafa orðið við tilraunum þessum og vitmannlegast, munu hafa tekið eftir því, að í ritgerðum mínum eru ekki endurtekningar, heldur alltaf haldið eitthvað fram á leið; sé eitthvað tekið upp, þá er það til þess að færa skilninginn fram, en ekki endurtekning án umbótar. Og svo er enn. Það sem nú skal sagt er framhald og frekari skýring þess, sem ritað er áður. — Hinn óendanlegi kraftur magnar fram „efnið“ til fullkonnunar, það er saga heimsins. Eða ef nokkru óvísindalegar er til orða tekið, guð leitast við að gera heiminn að sínu heimkynni, breyta heiminum í sig. Í ritgerð þeirri um eðli og tilgang heimsins og lífsins, sem ég hefi kallað Hið mikla samband, er sagt frá nokkrum aðallögmálum þessarar magnanar, sagt frá því hvernig „efnið“ (viðtakandinn, dekhomene, hyle, hypodokhe) tekur við ávallt hærrí og hærrí afltegund, eftir því sem það magnast lengra fram. Eitt stig í sögu hvers sólhverfis er ódeilis- eða atomstigið — og þó ekki hið fyrsta, því að menn vita nú, að það sem nefnt hefir verið ódeili, er ekki frumstig efnisins. Ódeilin samstillast síðan, fyrir áhrif magnanarinnar, á sífellt margfaldlegri hátt, uns þar kemur að samböndin verða fær um að hefjast við magnanina frá uppsprettu kraftarins, á það stig, er vér nefnum líf. Breytingin, sem orðið hefir á efninu, er nú merkilegri miklu en áður, og er þó býsna lágt lotið af kraftarins hálfu, þess sem vér raunar kunnum ekkert nafn á. Hér verður vel að setja á sig þann höfuðskilning, að allt efni stefnir til lífs, stefnir til þess að vera lífinu háð og fullkonnast af því. Einungis þar sem ræður stefna hinnar vaxandi þjáningar, eða með öðrum orðum, einungis í Helvíti, geta menn látið sér til hugar koma aðra eins fjarstæðu og þá, að lífið sé einskorðað við einn minni háttar hnött, af öllum þeim billjónum eða deciljónum eða centiljónum af stjörnum, sem hvarfa í geimnum.



## XII

Lífið á jörðu hér er einungis einn örlítill þráður í hinum óendanlega furðulega og óendanlega fjölofna vef lífsins. En þó hefir lífið komið hér fram í milljónum mynda, og þó nær saga lífsins á jörðu hér yfir hundruð milljónir ára. Í milljón aldir voru hér einungis til örsmáar lífagnir, frumneistar lífsins, fyrstlingar eða prótistar. Svo seint er vaxið fram. Og eftir að fjölfrumungar voru til (metazóa), liðu enn milljónir alda, áður tækist að vaxa fram til hugsandi veru. Svona erfitt er að vaxa fram, þegar helstefnan ræður, svona erfitt að vitkast, þó að magnanin sé farin að koma fram sem líf. Loksins tókst niðja dýrs, sem skapast hafði á trjálífi, og aftur yfirgefið trén, umbreytt í veru, sem aðeins gengur á afturfótunum, loksins tókst hinum umbreytta apa, að ná þeim vexti heilans, að magnanin frá uppsprettu kraftarins gæti komið fram sem hugsun.

## XIII

Þegar „efnið“ fer að hugsa, stígur það ennþá merkilegra spor fram á leið en þegar það fór að lifa. En af því að hver tilraun til að lifa mistekst, þá er ekki um sanna framför að ræða, heldur dysexelíxis. Þjáningin er það sem mest hefir vaxið. Og býsna ófullkomið er vit hins umbreytta apa, og hefir það þó ekki fengist nema með því að láta nokkuð af líkamskröftunum og mikið af hvötuð (instinkt) hinna lægri dýra. Hinn umbreytti api, maðurinn, tekur til að leggja undir sig jörðina og breyta jörðinni eftir sínum þörfum, og er þar tilraun, sem í framhaldi verður tilraun til að leggja undir sig heiminn, breyta heiminum eftir sínum þörfum; má þar kenna merkilegan þátt í viðleitni hins óendanlega kraftar á að gera heiminn sér líkan. Hversu eftirtektarverð er viðleitni mannsins á að afla sér vitneskju um jörðina og heiminn. En seint gengur að vitkast. Í þúsundir alda höfðu af jörðu hér mannleg augu horft á stjörnurnar, án þess þeirri skynjan fylgdi nokkur skilningur á því, hvað þeir eru þessir undarlegu tindrandi deplar á himinhvolfinu. Það eru ekki nema rúm 300 ár — ekki þúsundasti hlutinn af þeim tíma,

sem mannkynið hefir uppi verið — síðan Brúnó skrifaði setninguna um að allar stjörnurnar, sem sjást utar en Satúrnus, séu sólir. Og enginn samtíðarmaður Brúnós tók nokkurt mark á þessari stórmerkilegu hugsun, ekki einu sinni hinn frægi vitmaður Francis Bacon, sem skrifaði þó um það svo vel, hver nauðsyn mönnunum væri á að auka þekkingu sína á náttúrunni.

#### XIV

Svona erfiðlega hefir veitt að uppgötva heiminn. Og þó hefir manninum gengið ennþá miklu erfiðlegar að uppgötva sjálfan sig. Kólumbus hafði fundið Ameríku og Kóperníkus áttað sig á skipulagi sólhverfis vors, áður en maðurinn lærði að skilja starf síns eigin hjarta (Servede og Harvey). Og enn leið langur tími áður en mennirnir fóru að skilja starf lungnanna og áttuðu sig á magnan þeirri hinni furðulegu, sem fylgir fjörgisnámi líkamans. Oxygeníum eða súrefni hefi ég kallað fjörgi; fjör er í fyrstu sama sem fúrr eða eldur, sama sem Feuer í þýsku; og fjörgun (eða fýrgun) mætti kalla súrefnistöku líkamans og magnan þá sem af henni leiðir. Er sú magnan merkileg næsta, og furðulegt að hugsa sér, hvernig þetta efni, sem er eins fagurlitt og fjallabláminn sýnir og himinheiðið, heldur við lífi voru. Og þó er til ennþá merkilegri magnan, sem nú fyrst er verið að átta sig á. Það er svefnmagnanin. Frá uppsprettu kraftarins er hin sofandi vera mögnuð til þess að geta haldið áfram að lifa. Í svefni fær maðurinn nýjan lífsþrótt. Aðeins nokkra sólarhringa getur maðurinn lifað, sé honum algerlega bannað að sofa. Krafturinn, sem magnar manninn í svefni, er sá hinn sami sem tendraði hina fyrstu örsmáu neista lífsins á jörðu hér, þegar jarðefnin fyrir svo sem þúsund milljónum ára, höfðu hafist á það stig, að magnanin gat komið fram sem líf. Takið eftir, hversu fagurlega hið mikla samband kemur hér fram. Innsigli sannleikans er hér svo augljóst, að það mun engum dyljast sem af alvöru reynir til að sjá.

Einn þáttur magnanar þeirrar sem verður í svefni, er vitmagnan, magnan af annarlegu viti. Meðvitund annars



kemur fram í hinum sofandi heila. Æfður athugandi segir þetta hiklaust, eftir þúsundir af athugunum.

Þær uppgötvanir, sem hér koma til greina, munu reynast notkvæmari en nokkrar aðrar, sem gerðar hafa verið. Þær bregða björtu ljósi yfir uppruna trúarbragðanna og öll viðfangsefni allrar dulrænu. Þær sýna leið til að ná til notkunar afli, sem verður meir en þúsund sinnum mikilvirkara en rafmagn. Að skilja þetta, leiðir til þess að finna stefnuna fram, sjá hvernig breyta má frá helstefnunni til lífstefnunnar.

### *Eftirmáli*

Ritgerð sú, sem hér kemur með nokkrum smábreytingum og umbótum, var fyrst prentuð í Morgunblaðinu haustið 1920. Það sem hvatti mig til að rita, var löngun til, þó að torsóttleg væri sú tilraun, að stuðla að því, að árangur af komu hins nafnkunna enska miðils, yrði nokkru meiri en mér virtust horfur á, ef engin íslensk hugsun yrði hér á leið hans. Og meira hefði mér orðið ágengt en raun varð á, ef ekki væri svo, að engar hugsanir hafa hér minna fylgi ennþá, en íslenskar.

Ritgerðin er framhald viðleitni minnar á að skapa íslenska heimspeki, og ávöxtur af tilraunum mínum veturinn 1919-20 til að umbæta og auka við það sem áður er ritað. Ritgerðin kom aldrei öll, eins og ég hafði hugsað mér hana, því að ég varð að hætta við sakir þreytu.

Bókin Nýall er skrifuð þrátt fyrir talsvert alvarlegar hindranir, og hefði vel mátt heita „Bókin þrátt fyrir“, öðru nafni. — Vér erum á útjaðri á jörðu hér, og svo seint höfum vér farið að uppgötva heiminn og sjálfa oss, að það má heita, að vér séum komnir framundir fossbrún glötunarinnar, nú, þegar breytingin er að byrja, sú sem verða þarf, til þess að í sannleika verði farið að lifa á jörðu hér. Því að breytingin til hinnar góðu stefnu, er þegar farin að gera vart við sig, þó að lítið sé ennþá. En erfitt er það, þegar hundrað ritgerðir eru í huga, og veit hvað við liggur, ef ekki kemur hið rétta

fram, að geta, árum saman, ekki skrifað svo mikið sem bréfmíða þrautalaust. Það er talsvert auðveldara á jörðu hér, að vera maður en maður, og með því verra að vera sá maður, sem heldur að hann sé að skapa ný vísindi og nýja heim-speki, en hlustarþraut sviftir svo svefni og orku, að hann verður helst að liggja út af til að geta hugsað, og margan dag verður ekkert skrifað og lítið lesið, hversu sem hugur hvetur. En þrátt fyrir allar tafir, mun ég ná orku minni og fá menn til að vera mér samtaka, og koma því fram, að menn viti það sem þarf til þess, að hin rétta stefna verði tekin, og lífinu verði, einnig hér á jörðu, sigurs auðið.

26/12 '21.